

Skólaráðsfundur  
20. apríl 2021

Mætt: Björgvin, Helga, Anna, Edda, Jórunn, Halldór, Heimir, Sesselja og Steinunn.

1. Opinn fundur – skólaþing: 6. maí kl. 18-19. Fjarfundur.
2. Frekari umræða um húsnæðismál – áherslur skólaráðsins.
3. Vinna ráðgjafa SFS með stjórnunarteymi skólans. Samtöl við starfsfólk.
4. Afgreiðsla skóladagatala.

Óskað eftir því að byrjað verði á lið 3.

Björgvin fór yfir aðdraganda þess að beðið var um aðkomu sviðsins. Að viðtölum loknum við starfsmenn verður unnin samantekt og í framhaldinu unnið áfram með hópi starfsmanna. Komið hafa fram skiptar skoðanir í starfsmannahópnum vegna þessarar vinnu og vísa starfsmenn í áður unnar greiningar. Stefnt er að því að þessari vinnu ljúki upp úr miðjum maí.

Upp spruttu umræður um þá vinnu sem farið hefur fram í stjórnendahópnum í vetur og tilgang þeirrar vinnu sem fram undan er. Ákveðinnar þreytu farið að gæta og starfsmenn sjá ekki hverju þessi vinna eigi nákvæmlega að skila. Gæta þarf að mannauð skólans og að talað sé um það sem starfsfólki liggja á hjarta. Foreldrasamfélagið hefur áhyggjur af þreytu í kennarahópnum og að það sé vandi til staðar sem þarf að leysa. Áhyggjur af því hversu langur tími er liðinn og ekki gott hversu seint kennarar komi að borðinu. Vonir bundnar við það að samtölin verði gagnleg og markviss og unnið hratt úr niðurstöðum, áður en skólaárinu lýkur.

#### 4. Afgreiðsla skóladagatala.

Helga fór yfir skipulag og vakti athygli á því að jólaskemmtanir verða 17. desember, allan daginn, og hefst jólafrí mánudaginn 20. desember. Einnig nefndi hún að fram hafa komið hugmyndir að breyta skipulagi hópunda með foreldrum og eru uppi hugmyndir að steypa því saman við skólasetningu. Ekkert er þó ákveðið í þeim efnum en fulltrúar foreldrar fagna þó þeim hugmyndum. Fundurinn samþykkti skóladagatalið.

1. Opinn fundur – skólaþing verður haldið 6. maí – fjarfundur.
2. Frekari umræða um húsnæðismál – áherslur skólaráðsins. Verður tekið fyrir á næsta skólaráðsfundi sem Björgvin boðar til.

Fundi slitið.